

# Málfræði í íslenskri orðabók: Hvernig og til hvers?

## 1. Inngangur

Í málvísindum er hugtakið **orðasafn** (lexicon) notað yfir þann orðaforða sem við kunnum; orðasafn hugans (sjá t.d. Fromkin & Rodman 1993:98). Venjulega er gert ráð fyrir því að í þessu orðasafni sé varðveitt öll sú þekking sem við þurfum að hafa á einstökum orðum til að geta notað þau í virkum orðaforða okkar. Það þýðir að við hvert orð þarf að geyma upplýsingar um hljóðform þess, beygingarflokk, merkingu, og ýmiss konar setningafræðileg atriði; sem sé allt sem við þurfum að læra sérstaklega um hvert orð.

Þeir þættir sem eru fyrirsegjanlegir út frá almennum reglum þurfa hins vegar ekki að fylgja hverju orði í orðasafninu. Þannig þurfum við ekki að læra um hvert einstakt nafnorð að það fái endinguna *-um* í þgf.ft., því að það er almenn og undantekningarlaus regla í málinu. Við þurfum ekki heldur að læra um hvert einstakt nafnorð hvort það getur staðið sem frumlag, andlag, í forsetningarlið eða annars staðar þar sem nafnorð koma fyrir í setningum. Meginreglan er sú að sérhvert nafnorð getur staðið á öllum þessum stöðum. Frá því eru hins vegar ákveðnar undantekningar, en þær eru svo fáar að miklu eðlilegra er að hugsa sér að það séu þær sem við lærum sérstaklega.

Hér er vissulega verið að tala um orðasafn hugans, en ekki prentaðar eða tölvutækar orðabækur. Þrátt fyrir það er ekki fráleitt að halda því fram að þar gildi að ýmsu leyti svipaðar reglur. Til að orðabók komi að fullum notum þarf hún að innihalda nægilegar upplýsingar til að notandanum sé kleift að nota flettiorðin á réttan hátt. Því verður að spyrja: Hvaða þættir þurfa að koma fram í orðabókarflettu; og hvernig á að setja þá fram?

Í öllum orðabókum er að sjálfsögðu sýnd stafsetning flettiorðanna, og í íslensku dugir hún oftast til að átta sig á framburði. Í þeim tilvikum þegar svo er ekki, t.d. í tökuorðum sem hafa tvíritað *l*, sýnir *Íslensk orðabók* (ÍO) framburðinn sérstaklega. Meginþáttur venjulegra orðabóka er merkingarskýring, og hún er auðvitað fyrirferðarmest í ÍO, en liggur utan umræðuefnis míns. Ég ætla að hins vegar að líta á það hvernig beygingarlegt og setningafræðilegt eðli flettiorðanna er sett fram í orðabókinni, og ræða dálítið um hvað þar mætti betur fara.

## 2. Beygingarlegar upplýsingar

Fremst í ÍO er stuttur kafli, rúmlega hálf síða, með fyrirsögninni *Til notenda*. Í þessum leiðbeiningum er nánast eingöngu fjallað um beygingartáknun í bókinni, og ég tek mest af því hér upp orðrétt, en hef skipt því í nokkra liði til þæginda.

(1)

- a. Beyging ósamsettra orða er sýnd í bókinni þegar hún er þekkt, en beyging samsettra orða er því aðeins sýnd að hún sé frábrugðin beygingu síðari (síðasta)

liðar.

- b. Beygingartáknarnir eiga að vera nægilega skýrar til þess að hver sem kann íslenska beygingafræði eða hefur aðgang að henni, geti haft þeirra full not. Því eru beygingarendingar látnar nægja þegar ekki fylgja beygingunni breytingar á stofnsérhljóði.
- c. Við nafnorð eru sýnd kenniföll (nefnifall eintölu, eignarfall eintölu, nefnifall fleirtölu) [...].
- d. Við lýsingarorð er sýnt nefnifall kvenkyns eða þolfall karlkyns þegar þess þykir þurfa, t.d. með dæmum [...].
- e. Afbrigðilegar beygingarmyndir eru sýndar eftir þörfum, en þó ekki reglubundnar hljóðverptar myndir eins og *glöð* (af *gláður*) eða (*við*) *sögðum* (af *segja*, *sagði*) þar eð gera má ráð fyrir að allir notendur bókarinnar hafi þessi frumatriði íslenskra beyginga á valdi sínu.
- f. Sums staðar er sett lóðrétt strik milli stofns og endingar (*glæ|r* K, *páll|l* K) eða aftan við stofnlægt *r* (*vitur|* L), en að vísu hefði þessa verið þörf víðar. [...]
- g. Við sterk sagnorð eru sýndar kennimyndirnar fjórar (nafnháttur, fyrsta persóna eintölu og fleirtölu í framsöguhætti þátíðar, lýsingarháttur þátíðar í hvorugkyni) [...] en við veikar sagnir nægir oftast að sýna tvær myndir (nafnhátt og fyrstu persónu eintölu í framsöguhætti þátíðar) [...].

Ég skal nú taka þessa liði fyrir í sömu röð og athuga lauslega hvernig þeir birtast í bókinni, og hvort það sé fullnægjandi.

Vissulega má segja að óþarfi sé að sýna beygingu samsettra orða ef hún er eins og beyging síðari liðar. Hér verður þó að hafa í huga að þótt síðari eða síðasti liður ráði beygingunni þá ræður fyrri eða fyrsti liður stafrófsröðinni. Þess vegna þarf yfirleitt að fletta upp á öðrum stað í bókinni til að finna beyginguna. Nokkur dæmi um þetta eru sýnd í (2):

- |        |                              |   |                |
|--------|------------------------------|---|----------------|
| (2) a. | alda, öldu, öldur KV         | – | sigalda KV     |
| b.     | köttur, kattar, kettir K     | – | hreysiköttur K |
| c.     | fara, fór, fórum, farið S    | – | hlunnfara S    |
| d.     | draga, dró, drógum, dregið S | – | táldraga S     |

Miðað við það hversu lítið pláss beygingarlýsingin tekur hefði ekki verið ofrausn að láta beygingarlýsingu líka fylgja samsettum orðum og spara notendum þannig flettingar, fyrst verið er að hafa samsetninguna með á annað borð; en þörfin á því er reyndar oft umdeilanleg.

Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að beygingarendingar séu látnar nægja þegar stofn helst óbreyttur, eins og sýnt er í (3):

- (3) a. hestur, –s, –ar K; mynd, –ar, –ir KV; brúður, –ar, –ir KV
- b. lykill, –ils, lar K; hamar, –ars, –rar K; akur, –urs, –rar K
- c. bikar, –ars, –arar K; lúkar, –s, –ar K
- d. skipan, –ar, –ir KV; skipun, –ar, –anir KV
- e. keppni, –, –ir KV; gleði, ET ÓB, FT –ir KV

Hitt er verra að það er ekki alltaf nægilega ljóst hvernig á að bæta beygingarendingum við stofninn, eða réttara sagt, hver sá grunnur er sem endingarnar bætast við. Í sterkum karlkynsorðum verður að gera ráð fyrir að notendur viti að það þarf að klippa endinguna

–ur aftan af *hestur* áður en –s og –ar er bætt þar aftan við. Einnig þurfa þeir að vita að í kvenkynsorðum sem enda á –ur; eins og *brúður*, þarf að taka –ur aftan af; hins vegar bætast endingar beint við *mynd*. Það er kannski allt í lagi; en það er flóknara að átta sig á því hvað –ars, –rar táknar með orðinu *hamar*, sbr. (3b). Hér verður notandinn að vita að enda þótt –ar sé ekki ending þarf að klippa það aftan af áður en endingunum er bætt við.

Ekki batnar málið þegar borin eru saman orð eins og *bikar*, –ars, –arar og *lúkar*, –s, –ar í (3c). Þessi orð beygjast alveg eins, þ.e. hafa ekki sérhljóðabrottfall í áhersluleysi eins og orð af þessu tagi hafa venjulega; en samt bendir framsetningin til þess að beygingin sé ólík. Verst er þegar ekki er samræmi milli endinganna sem eru gefnar; þegar t.d. eignarfallsendingin bætist beint við uppflettimyndina, en til að bæta við endingu nf.ft. þarf fyrst að taka eitthvað af uppflettimyndinni. Dæmi um ósamræmi í þessu má sjá í orðunum *skipan* og *skipun*.

Í *Íslenzkri málfræði* Björns Guðfinnssonar (1958:26) eru kenniföll sögð “Þau föll, sem mestu máli skiptir að kunna til þess að geta fallbeygt orð [...]”. Með því er átt við að nauðsynlegt sé að læra kenniföllin sérstaklega, en önnur föll séu síðan að miklu eða öllu leyti fyrirsegjanleg út frá þeim. Nokkuð er til í þessu, en hitt er þó auðvitað vel þekkt að kenniföll segja bæði of mikið og of lítið. Þau segja of mikið í veikri beygingu; kunni maður á annað borð íslenskar beygingarreglur er beyging orða eins og *krani*, *hneta* og *lunga* alveg fyrirsegjanleg út frá nefnifalli eintölu einni saman; ef.et. og nf.ft. eru óþörf. Eini vafinn í kvenkyns- og hvorugkynsorðunum er sá hvort *n* eigi að vera í ef.ft. eða ekki, en um það segja kenniföllin hvort eð er ekki neitt. Sama er að segja um sterk hvorugkynsorð; orð eins og *hús*, *ráð*, *borð*, *kvæði* gætu ekki beygst á annan veg. En lítum nú á nokkur dæmi:

- (4) a. hestur, –s, –ar; gestur, –s, –ir; staður, –ar, –ir; grautur, –ar, –ar
- b. bát/báti?; bikar/bikari?; Hugin/Hugni? mökk/mekki?
- c. himinn, –ins, –nar K; aftann, –ans (ÞGF aftni), –nar K
- d. mold, –ar, –ir KV – mold/moldu?; jörð/jörðu?
- e. kýr (ÞF og ÞGF kú), –, – KV – þgf. og ef. ft.?

Í sterkum karlkynsorðum er full þörf á að sýna kenniföllin eins og í (4a), en það er ekki nóg; það er mjög misjafnt hvort þessi orð hafa –i í þgf.et. eða ekki, eins og Friðrik Magnússon (1984) hefur skrifað um og sýnt er í (4b). Þetta er atriði sem notendur velkjast mjög oft í vafa um, og því hefði verið full þörf á að gefa þgf.et. í þessum orðum. Það er reyndar stöku sinnum gert, en erfitt að sjá samræmi í því, eins og dæmin um *himin* og *aftan* í (4c) sýna.

Sum kvenkynsorð, eins og *jörð* og *mold*, fá oft –u í þgf.et., sbr. (4d), en það kemur ekki fram í beygingarlýsingunni, þótt hægt sé að ráða það af notkunardæmum. Áður var minnst á *n* í ef.ft. kvenkyns- og hvorugkynsorða. Í orðinu *kýr* er ekki heldur sýnt hvernig þgf. og ef.ft. eru, þótt þess væri full þörf. Niðurstaða mín er því sú að það sé ekki heppilegt að einskorða beygingarlegar upplýsingar við kenniföll.

Það er líka oft erfitt að sjá samræmi í beygingarlegum upplýsingum í ÍO. Svona eru t.d. fjögur lýsingarorð gefin upp:

- (5) a. vitur| L; bitur (ÞF –ran) L
- b. fagur (KV fögur, ÞF K fagran) L; magur (KV mögur) L

Eins og fram kom í (1d) er nf.et. í kvenkyni og þf.et. í karlkyni sýnt “þegar þess þykir þurfa”, en óljóst er hvers vegna *vitran* er ekki gefið upp fyrst *bitran* kemur fram, eða

hvers vegna *fagran* kemur fram en ekki *magran*.

Á hinn bóginn væri oft þörf á því að tilfæra sérstaklega hvorugkyn lýsingarorða; það er ekki alltaf sjálfgefið. Að vísu má e.t.v. gefa sér að notendur viti af lengingunni sem verður á eftir ákveðnum sérhljóðum, í *blátt, hátt, smátt, trútt, nýtt* o.s.frv.; og einnig af samlöguninni í *gleitt, brátt, hljótt, blítt, prútt* o.s.frv. En stundum verður ekki samlögun, heldur verður hvorugkynið eins og kvenkynið, a.m.k. í lýsingarháttum; *smáð, þjáð, háð, fjáð*; engar upplýsingar eru um það í ÍO. Og hvernig eru kvk. og hk. af lo. *heiður*? Það orð er gefið athugasemdalaust í ÍO, en fæstir sem ég hef spurt geta notað það nema í kk. Hk. af *grannur, þunnur* og *grunnur* er *grannt, þunnt* og *grunnt*, eins og við er að búast, en hk. af *sannur* er ekki *\*sannt*, heldur *satt*. Þess er ekki getið, þótt það megi að vísu ráða af notkunardæmum.

Tekið er fram að reglubundnar hljóðverptar myndir séu ekki sýndar sérstaklega; þess vegna er kvk. *glöð* og 1.p.ft.fh.þt. *sögðum* ekki gefin. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, en það fellur illa að því að í nafnorðum eru hljóðverptar myndir gefnar, enda þótt þær séu ekki síður reglulegar en í lýsingarorðum og sögnum. Þannig er t.d. *alda, öldu, öldur, þökk, þakkar, þakkir, barn, -s, börn* o.s.frv. Þetta á þó aðeins við að hljóðavíxlin varði kenniföll; þgf. ft. eins og *örmum* er ekki gefið.

Hér væri eðlilegt að hafa samræmi; það er engin ástæða til að ætla að hljóðavíxlin í nafnorðum séu á neitt hátt auðveldari eða sjálfgefnari. Þar að auki þyrfti stundum að geta undantekninga í lýsingarorðum. Orðið *smart* er t.d. gefið (að vísu með spurningarmerki), en hvergi kemur fram að það er, a.m.k. oft, án hljóðavíxla í kvenkyni; *hún er smart* en ekki *?smört*.

Það er mjög á reiki hvenær skil stofns og endingar eru táknuð sérstaklega. Þetta má sjá af dæmunum í (6):

- (6) a. heimil|, heil|, sæl|, væn|n, há|r, trú|r; stól|, gúl|, hól|  
b. þögull, háll, fúll, beinn, mjór, nýr; bíll, fónn, kjóll  
c. stór|, vitur|; dýr, bitur

Ég tel einboðið að sleppa beygingarlýsingu við þau orð sem fylgja föstum reglum. Þannig væri gefið *krani K, kompa KV, borð H, lunga H*, o.s.frv. Það er ekki heldur ástæða til að sýna hljóðavíxl þar sem þau eru alveg regluleg. Þannig finnst mér óþarft að hafa *alda, öldu, öldur KV, land, lönd, lönd H* o.s.frv.; öll veik kvenkynsorð og sterk hvorugkynsorð með *a* í stofni hafa þessi víxl, og því væri nóg að tilfæra nf.et. Aftur á móti væri eðlilegt að hafa upplýsingar um hljóðavíxl í orðum eins og *fjörður* og *köttur*.

Oft væri full þörf á að tilfæra fleiri beygingarmyndir sagna en gert er í ÍO. Lítum á dæmi:

- (7) a. finna, fann, fundum, fundið S; sofa, svaf, sváfum, sofið S  
b. spá, -ði S; þrá, -ði S; gá (3. P ET NT gáir), -ði S; ná (FH NT næ), -ði S

Viðtengingarháttur þátíðar af sterkum sögnum reynist mörgum þungur í skauti, og því væri æskilegt að myndir eins og *fyndi* og *svæfi* væru gefnar. Sama gildir reyndar um sumar veikar sagnir, eins og þær sem taldar eru í (7b). Þar að auki er ósamræmi í því hvaða persóna gefin er, þegar ástæða þykir til að sýna einnig nútíðarmynd; af *gá* er sýnd 3. p., en af *ná* 1. p.

Stór hluti sterkra karlkynsorða endar á *-s* í ef.et. og *-ar* í nf.ft. Til greina kæmi að sleppa því að láta þessara fallendinga getið, en nefna aðeins endingar þeirra orða sem víkja frá þessari meginreglu. Þannig gæti staðið *hestur K*, en *staður, -ar, -ir K*. Það er

líka nauðsynlegt að sýna hvar endingarnar koma; hvað þarf að klippa aftan af uppflettimyndinni. Þannig er að mínu mati ekki nóg að hafa *hamar*, *–ars*, *–rar*, heldur verður að vera *ham|ar*, *–ars*, *–rar*.

Í (8) má sjá dæmi um þær beygingarlegu upplýsingar sem ég tel að fylgja þyrftu nokkrum nafnorðum:

- (8) a. peli K; hola KV; nýra H; ráð H; kvæði H; alda KV; land H
- b. fjörður, ÞGF firði, EF fjarðar, NF FT firðir, ÞGF fjörðum
- c. hestur K; gestur, NF FT –ir K; staður, EF –ir, NF FT –ir K
- d. ham|ar, –ars, –rar K; skip|un, –unar, –anir KV

ÍO þjónar auðvitað fyrst og fremst Íslendingum, og við það hljóta beygingarlegar upplýsingar þar að miðast. Það er með öðrum orðum eðlilegt að gera ráð fyrir að notendur kunni meginreglur íslensks beygingarkerfis, og hægt sé að vísa í þær athugasemdalaust. Á hinn bóginn er vitaskuld hægt að hugsa sér að koma líka nokkuð til móts við aðra notendur með því að sýna beygingarmynstur í bókinni. Þá er hægt að vísa í þau — jafnvel er hægt að hugsa sér einhvers konar beygingarlegar upplýsingar á hverri opnu, svipað og framburðarupplýsingarnar í *Ensk-íslenskri orðabók* (Sören Sörenson 1984).

### 3. Setningafræðilegar upplýsingar

Lítum þá á setningafræðilegar upplýsingar í *Íslenskri orðabók*. Reyndar er þetta oftastnær veiki hlekkurinn í orðabókum; fáar orðabækur setja setningafræðilegar upplýsingar um flettiorðin fram á skipulegan hátt. Vissulega má segja að **orðflokkurinn** sé langmikilvægastur setningafræðilegra upplýsinga, og hans er vitaskuld getið; en fleira kemur til, einkum í sögnum, eins og Jón Hilmar Jónsson benti á í ritdómi sínum (1985:204):

Helstu einkenni sem koma til álita við lýsingu og liðgreiningu íslenskra sagnorða auk merkingarþáttarins eru **áhrifsgildi** (hvort sögnin kemur fram sem áhrifssögn eða er áhrifslaus), **fallstjórn** (þar sem um áhrifssögn er að ræða), **aðgreining germyndar og miðmyndar**, **sérstaða lýsingarháttar (nú tíðar og þá tíðar)**, **ópersónuleg notkun** og **staða sagnarinnar með fylgjorði eða fylgilið** (þ.e. notkun hennar með nátengdu atviksorði eða forsetningu).

Nokkru síðar í ritdómnum segir Jón Hilmar (1985:205): “Í *OM* [þ.e. *ÍO*] er litið framhjá áhrifsgildi og fallstjórn við lýsingu sagnorða [...]. Í *OM* eru þessir þættir látnir birtast í þeim notkunardæmum sem fylgja skýringarorðunum [...].”

Vissulega er oft hægt að sjá af notkunardæmum hvort tiltekin sögn tekur tvö, eitt eða ekkert andlag, og hvort hún stjórnar þolfalli, þágufalli eða eignarfalli, en slíkar upplýsingar eru ekki settar fram á skipulegan hátt, og stundum vantar þær með öllu eða eru of óljósar til að koma notendum að nægu gagni. Tökum dæmi af nokkrum tveggja andlaga sögnum; fyrst sögnum sem taka þágufall og þolfall, í þessari röð:

- (9) a. gefa; *hún gaf mér bókina*
- b. lána; *lána e–m e–ð, lána út; e–ð er lánað e–m*
- c. leigja; *leigja e–m e–ð*

- d. færa; *færa e-m e-ð, færa fórn, færa kvæði*
- e. fá; *fá e-m e-ð*
- f. afhenda; 'láta af hendi; fá e-m e-ð í hendur'
- g. rétta; *hann rétti mér bókina; rétta e-ð að e-m*
- h. senda; *senda e-n til e-s, senda eftir e-m; senda e-n á e-n*

Hér skortir talsvert á nægilegar upplýsingar. Um flestar sagnanna eru aðeins sýnd notkunardæmi þar sem þær taka bæði þágufall og þolfall, en þó er oft hægt að sleppa þágufallsandlaginu með sumum þeirra, t.d. *gefa, lána* og *leigja*, án þess að það komi fram í dæmunum. Það er m.ö.o. enginn munur gerður á þessum sögnum og *fá* og *færa*, sem hvorugu andlaginu geta sleppt, nema merking breytist. Sagnirnar *rétta* og *senda* eru hliðstæðar að því leyti að þær verða að taka þrjá rökliði, en í stað þágufallsandlagsins er hægt að setja forsetningarlið. *senda* er hins vegar alls ekki gefin sem tveggja andlaga sögn, þ.e. sambandið *senda e-m e-ð*. Um *afhenda* er ekkert notkunardæmi.

Sagnirnar *ræna*, *stela* og *svipta* eru nokkuð svipaðrar merkingar; allar merkja þær að taka e-ð frá e-m. Því mætti búast við að þær gengju inn í sömu sambönd, en því fer fjarri; þær haga sér hver með sínu móti. *svipta* verður að taka tvö andlög (þegar hún vísar til persónu; ath. hins vegar *svipta sænginni af rúminu*), og þannig er hún líka sýnd; *svipta e-n e-u*. *ræna* er aðeins sýnd með tveimur andlögum; *ræna e-n e-u*. Hún er þó væntanlega miklu oftari aðeins með einu andlagi, þ.e. *ræna e-u*, og oft reyndar með forsetningarlið með *frá e-m* líka. Þetta má bera saman við sögnina *stela*, sem er sýnd sem *stela e-u*, *stela frá e-m*, *stela e-n e-u*. Síðasta dæmið er gefið athugasemdalaust, en þó þykir ástæða til að skýra það sérstaklega; 'stela e-u frá e-m'. Aftast í flettunni, undir lh. þt. *stolinn*, er svo gefið *vera stolinn e-u*, sem væntanlega er úr Þrymskviðu; *Áss er stolinn hamri*. Hér ber hins vegar svo við að sambandið er merkt sem fornt eða úrelt mál.

Undir *biðja* er nefnt *biðja e-s* og *biðja um e-ð*, svo og *biðja e-n bónar*; en hins vegar ekki *biðja e-n um e-ð*. Undir *óska* kemur *óska sér e-s* og *óska e-m allra heilla*, en ekki *óska e-s* eða *óska eftir e-u*. — Sagnirnar *kjósa*, *skipa* og *ráða* geta hagað sér svipað; það er hægt að *kjósa e-n forseta*, *skipa e-n sýslumann* og *ráða e-n vinnumann*. Ekkert þessara sambanda er gefið í ÍO.

Undir sögninni *hjálpa* eru gefin samböndin *hjálpa e-m með e-ð*, *hjálpa e-m við e-ð*; *hjálpa upp á e-n*; *hjálpa til*. Hins vegar er ekki gefið *hjálpa til við e-ð*, og ekki heldur *hjálpa e-m* eitt og sér. *liðsinna* er aðeins sýnd sem *liðsinna e-m*, ekki *liðsinna e-m með/við e-ð*. *aðstoða* fær engin notkunardæmi, en er skýrt sem 'hjálpa, veita aðstoð'. Af merkingarlegum ástæðum gætu menn ímyndað sér að sögnin stýrði þágufalli, en svo er ekki.

Notkun skammstöfunarinnar ÓP, sem stendur fyrir ópersónulega notkun, er nokkuð á reiki. Hún er annars vegar notuð með sögnum sem ekki hafa neitt merkingarlegt frumlag, eins og ýmiss konar veðurfarssögnum; og svo með sögnum sem taka aukafall í stað nefnifallsfrumlags. Sagnirnar *hvessa*, *snjóa*, og margar fleiri fá hana, en hins vegar ekki *rigna*. Fyrst hélt ég að það væri vegna þess að með *rigna* er bæði *hann* og *það* gefið sem hugsanlegt frumlag, en svo kom í ljós að undir *hvessa* er að finna dæmið *enn hvessir hann*. *langa*, *vanta*, *finnast*, *þykja* o.m.fl. fá ÓP, en ekki *líka*, *leiðast*, *virðast*, *sýnast*, *hraka* o.s.frv. Verra er að ekki kemur alltaf fram hvaða fall þessar sagnir taka. Þannig er t.d. gefin sögnin *fatra* ÓP, í merkingunni 'fata, skjátlast'; en henni fylgja engin notkunardæmi, þannig að ekki sést hvort hún tekur þf. eða þgf.

Notkun skammstöfunarinnar MM, fyrir miðmynd, er í meira lagi vafasöm. Þannig eru flestar eða allar sagnmyndir sem enda á *-st* settar undir germyndina, sé hún á annað

borð til, óháð því hversu náinn merkingarskyldleikinn er, og jafnvel þótt germyndin sé miklu sjaldgæfari. Þetta gildir um sagnir eins og *farast*, undir *fara*, *skjátlast*, undir *skjátla*, *mistakast*, undir *mistaka*, *leiðast*, undir *leiða*, *vingast*, undir *vinga*, og ótalmargar aðrar. Að vísu fær *ferðast* að vera sjálfstæð uppflertimynd. Eins og Jón Hilmar Jónsson benti á í ritdómi sínum (1985:205) leiðir þetta til þess að miðmyndin lendir mjög útundan, bæði um merkingarskýringar og notkunardæmi.

Miðmyndirnar *finnast*, *sýnast* og *virðast* eru hliðstæðar um margt. Nokkur sambönd eru sýnd um hverja þeirra, en þó ekki *mér finnast/sýnist/virðist hann vera góður*, og ekki heldur *mér finnast að hann sé góður; hann sýnist/virðist vera góður*. Með miðmyndinni *leiðast* er aðeins sýnt sambandið *mér leiðist*, en ekki *mér leiðist e-ð*.

Æskilegt er að fram komi ef möguleg setningarstaða orða er á einhvern hátt takmörkuð eða óvenjuleg út frá því sem við er að búast. Svo virðist þó sjaldnast vera. Þar má nefna lo. *hugsi*, sem ekki getur staðið hliðstætt; þótt hægt sé að segja *hann er hugsi* er ekki hægt að segja *\*þetta er hugsi maður*. Athugið að *hugsi* er skýrt með 'hugsandi', en það orð hagar sér öðruvísi.

Orðið *gaman* er ótvírætt nafnorð, og notkunardæmi ÍO benda ekki til annars. Þar kemur hins vegar ekki fram að *gaman* hagar sér eins og lýsingarorð að því leyti að það tekur venjulega með sér ao. *mjög* en ekki lo. *mikill*.

Orðin *kyrrþeyr*, *takteinn*, *boðstólar* og *svipan* eru öll gefin athugasemdalaust, þótt í nútímamáli a.m.k. komi þau tæpast fyrir nema í samböndunum í *kyrrþey*, *hafa á takteinum*, *á boðstólum*, *í einni/þeirri svipan*. Öll þessi sambönd koma vissulega fram, og ekki önnur; en það breytir því ekki að notandinn fær ekki að vita að orðin eru bundin við þessi sambönd.

Hér má segja að komið sé út í nokkurn sparðatíning; en í (10) eru tínd til nokkur helstu atriði sem ég tel að hafa þyrfti í huga við endurskoðun setningafræðilegra upplýsinga í ÍO:

- (11)a. Fjöldi rökliða (áhrifsgildi) sagna þarf að koma skýrt fram.
- b. Hvaða rökliðir eru skyldubundnir og hverjum má sleppa.
- c. Hvort og hvenær forsetningarliðir geta komið í stað andlaga.
- d. Fallstjórn sagna þarf að taka sérstaklega fram.
- e. Miðmynd þarf mjög oft að vera sjálfstætt flettiorð.
- f. Lýsingarháttum þarf að gera mun hærra undir höfði.
- g. Skerpa þarf notkun táknunarinnar ÓP.
- h. Takmarkanir á setningarstöðu orða verða að koma fram.

#### 4. Lokaorð

Að endingu skal lögð áhersla á að í ÍO er að sjálfsögðu að finna geysimiklar upplýsingar um beygingarlega og setningafræðilega hegðun flettiorðanna. Á engan hátt er verið að gera lítið úr gildi bókarinnar þótt bent sé á nokkur atriði sem notendur ÍO sjá fljótt að betur mættu fara þegar þeir þurfa að nýta sér beygingarlegar og setningarlegar upplýsingar í bókinni. Vitaskuld hefði verið hægt að gera þessum atriðum mun betri skil ef farið hefði verið kerfisbundið gegnum alla bókina, en sú var aldrei ætlunin. Tilgangurinn var sá einn að benda á ýmislegt sem betur mætti fara í bókinni frá sjónarmiði notandans, og jafnframt setja fram lauslegar hugmyndir um það hvernig mætti bæta úr.

## Ritaskrá

- Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði handa framhaldsskólum*. 5. útg. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- Friðrik Magnússon. 1984. Ein lítil beygingarending. *Mímir* 32:33-43.
- Fromkin, Victoria, & Robert Rodman. 1993. *An Introduction to Language*. 5. útg. Harcourt Brace College Publishers, Fort Worth.
- ÍO = *Íslensk orðabók handa skólum og almennungi* 1983. 2. útg. aukin og bætt. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1985. Ritdómur um *Íslenska orðabók handa skólum og almennungi*, 2. útg. *Íslenskt mál* 7:188-207.
- Sören Sörenson. 1984. *Ensk-íslensk orðabók* með alfræðilegu ívafi. Jóhann S. Hannesson bjó til prentunar ásamt fleirum. Örn og Örlygur, Reykjavík.